



12. apríl 2013

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra
Steingrímur J. Sigfússon
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík

EFNI: Krafa um gerð yfiritölumats vegna ítölugerðar fyrir afréttarlandið á Almenninum í Rangárþingi eystra.

KRAFA:

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, krefjast þess að gert verði yfiritölumat sbr. 27. gr. laga um afréttarmál, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Þann 18. mars sl. birti sýslumaðurinn á Hvolsvelli niðurstöðu ítölugerðar fyrir afréttarlandið Almenninga í Rangárþingi eystra í Rangárvallasýslu. Skýrslan er undirrituð af Guðna Þorvaldssyni og Ólafi R. Dýrmondssyni með séráliti Sveins Runólfssonar.

HAGSMUNIR LANDVERNDAR:

Landvernd hefur lögvarinna hagsmuna að gæta í þessu máli með tilvísun til innleiðingar Árósasamningsins og þess að Almenningar eru þjóðlenda. Landvernd eru frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndar sem starfa á landsvísu og hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Markmið samtakanna eru m.a. verndun náttúru og umhverfis Íslands, endurreisn spilltrar náttúru, náttúrugæða og umhverfis og sjálfbær umgengni þjóðarinnar (Fylgiskjal I – Lög Landverndar). Samtökin eru opin almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald. Nálágast má nánari gögn um Landvernd á skrifstofu samtakanna.

RÖKSTUÐNINGUR KRÖFU:

Landvernd rökstyður kröfu sína um yfiritölumat fyrir afréttarlandið Almenninga í Rangárþingi eystra í fjórum liðum:

1. Ítölumat er ekki byggt á beitarþolsrannsóknnum og ætti því að dæmast ógilt

Í 22. gr. laga¹ um afréttarmál, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, segir að við ítölugerð skuli byggja „á beitarþolsrannsóknnum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.“ Eftir því sem næst verður komist er eina matið sem fram hefur farið á afréttinum það sem Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí) vann á árinu

¹Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknnum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni. Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í fódurfræði og beitarþolsrannsóknnum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, sé gróðurfar landsins mjög einhæft.

2011 (Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir 2011) að beiðni Landgræðslu ríkisins með tilvísan í lög um landgræðslu nr. 17/1965. Meirihluti ítölunefndar tekur það mat ekki inn í forsendur niðurstöðu sinnar á ítölu. Það er mat Landverndar að meirihluti ítölunefndar hafi þar með gengið gegn lögum nr. 6/1986 um að ítala byggji á beitarþolsrannsóknnum. Af því leiðir að úrskurður meirihlutans hlýtur að teljast ógildur.

2. Ítölumat er ekki byggt á vísindalegum niðurstöðum

Það er afdráttarlaust mat sérfræðinga Lbhí að Almenninga skuli ekki beita (Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir, 2011, bls. 33):

„Gróðurhula á Almenninum er takmörkuð og teljast aðeins tæp 13% afréttarins grónir þegar búið er að taka uppgrædd svæði með. Óstöðugar auðnir eru ráðandi á svæðinu, m.a. moldir og sandsvæði. Það er grundvallaratriði að auðnir ættu að njóta beitarfriðunar. Að auki er framleiðslugeta gróðursins takmörkuð, þar sem stór hluti gróna landsins eru mosapembur...Það þyrfti hins vegar aðeins litla beit til að hægja á eða stöðva þá framvindu og sumt af þeim árangri sem náðst hefur með friðun og landgræðslu á Almenninum síðustu tvo áratugi yrði að engu. Gjóskufall úr Eyjafjallajökli hefur haft afar neikvæð áhrif á svæðið, aukið rof á svæðinu á ný og hægt á og sums staðar eyðilaggt þann árangur sem hefur hlotist af friðun hingað til.

Það er mikilvægt að Almenningar njóti áfram beitarfriðunar næstu áratugi. Til þess hníga mörg rök sem lúta að ástandi landsins (m.a. rof og ástand gróðurs), framvindu gróðursins og gjóskunni sem á afréttinn féll, auk þess sem mikilvægt er að endurheimta öflug vistkerfi í nágrenni helstu eldfjalla landsins.“

Með úrskurði sínum hefur meirihluti ítölunefndar gengið þvert gegn ofangreindu vísindalegu mati Lbhí, án þess að rökstyðja hvers vegna. Reyndar gengur meirihluti nefndarinnar svo langt að minnast ekki einu orði á þetta mat háskólans. Þessi vinnubrögð eru ámælisverð.

Meirihluti ítölunefndar virðist fyrst og fremst byggja mat sitt á samanburði við fjölda fjár á nærliggjandi afréttum, Fljótshlíðarafrétti og Skógafjalli, sem hann telur sambærilega við Almenninga. Meirihluti nefndarinnar telur þessa afrétti þola þá beit sem á þeim er, án þess þó að vísa til vísindalegra niðurstaðna um það mat sitt. Þess í stað er þungi lamba á fæti notaður sem vísir um ástand landsins og munnlegar heimildir bænda sem nýta afréttinn. Slíkar heimildir eru mikilvægar, en þarf að styðja vísindalegum niðurstöðum. Beitartölur á þessum afréttum, þekjumælingar gróðurs samkvæmt gagnagrunninum Nytjalandi og uppskerumælingar úr vettvangsferð ítölunefndar voru notaðar sem forsendur ítölugerðar.

Ýmsar athugasemdir má við þetta gera m.a. að mælingar á gróðurþekju og uppskeru í vettvangsferð nefndarinnar voru gerðar án þess að notað væri tilviljanakennt úrtak til að velja staðsetningu á reitum til mælinga og einnig skorti upplýsingar um hvernig reitir voru lagðir út og hvort það var gert eftir vísindalegum aðferðum. Þá var einungis farið um ákveðinn hluta afréttarins, sem kann að gefa skakka mynd.

Aðferðafræðinni er því mjög ábótavant og varasamt að treysta niðurstöðunum, hvað þá að byggja á þeim við ítölugerðina.

Þá er vitnað til og rætt um ljósmyndir sem teknar voru í vettvangsferðinni og aðrar teknar af gangnamönnum í leitum sama haust. Ekki er greint frá því hvernig þessar myndir eru notaðar til að styðja mat meirihluta ítölunefndar.

Auk þessa er vitnað til erlendra og innlendra rannsókna sem sýna að beit getur haft jákvæð áhrif á framvindu gróðurs (Sigurður H. Magnússon og Kristín Svavarsdóttir, 2007), framleiðni (m.a. Olofsson o.fl. 2004; Olofsson o.fl. 2001; vand der Wal o.fl. 2004) og tegundafjölbreytni (Austrheim og Eriksson 2001; Dumont o.fl. 2013). Í öllum þessum tilvikum er mikilvægt að gleyma því ekki að í Almenninum hefur átt sér stað hrun vistkerfa og langstærstur hluti svæðisins er líklega á frumframvindustigi. Í ofanálag hefur aska frá nýlegum eldgosum aukið á rof og rofhættu, sbr. mat Lbhí sem áður er vitnað til (Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir). Það verður því að fara varlega í að yfirfæra niðurstöður ofangreindra rannsókna upp á aðstæður í Almenninum, sem eru um margt afar ólíkar, bæði hvað varðar ástand vistkerfis, þ.m.t. umfang og samfelldni gróðurþekju, rofferla og uppblástur, jarðvegsgerð og utanaðkomandi álagþætti eins og eldgos. Ekki verður í fljótu bragði séð að aðstæður á svæðum þar sem margar hinna tilvitnuðu rannsókna fóru fram á séu í líkingu við aðstæður á Almenninum. Það er því erfitt að réttlæta notkun sumra þessara heimilda til að leyfa beit á Almenninum.

3. Dýraverndarsjónarmið eru ekki tekin til umfjöllunar hjá ítölunefnd

Landvernd gagnrýnir að ekki skuli nein umfjöllun um dýravernd koma fram hjá ítölunefnd. Beit á óbeitarhæfu landi (sbr. mat Ólafs Arnalds og Ásu L. Aradóttur, 2011) gæti mögulega varðað dýraverndarsjónarmið. Umræða um það atriði ætti að vera hluti af umfjöllun ítölunefndar.

4. Úrskurður meirihluta ítölunefndar gengur gegn stefnu stjórnvalda

Miðað við fyrirliggjandi gögn um beitarþol Almenna (Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir, 2011) verður ekki annað sé en að úrskurður meirihluta ítölunefndar um að leyfa beit á svæðinu gangi þvert gegn stefnu stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu auðlinda. Vísast í þessu sambandi til umræðu hér að ofan.

NIÐURSTAÐA LANDVERNDAR

Landvernd telur, út frá þeim gögnum sem fyrir liggja, að meirihluta ítölunefndar hafi ekki verið stætt á því að leyfa beit á afréttarlandinu Almenninum í Rangárþingi eystra. Meirihlutinn sniðgengur án rökstuðnings faglegt mat Landbúnaðarháskóla Íslands á beitarþoli svæðisins og færir að mati Landverndar ekki sannfærandi rök fyrir niðurstöðu sinni.

Fyrir hönd Landverndar,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Framkvæmdastjóri Landverndar.

Heimildir

Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir. 2011. *Almenningar. Ástand jarðvegs og gróðurs*. Landbúnaðarháskóli Íslands.

Varðandi rannsóknir sem ræddar eru í meirihlutaáliti Guðna Þorvaldssonar og Ólafs R. Dýrmundssonar sem minnst er á í þessu skjali er vísað til heimildalista í álitum þeirra.

Fylgiskjal I. Lög Landverndar.

Lög Landverndar

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands

I. NAFN - AÐSETUR - MARKMIÐ

1.gr.

Nafn samtakanna er Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands.

2.gr.

Aðsetur Landverndar og varnarþing er í Reykjavík.

3.gr.

MARKMIÐ LANDVERNDAR ERU:

- verndun náttúru og umhverfis Íslands á landi, í legi og í lofti svo þeim verði sem minnst spillt, okkur og komandi kynslóðum til handa.
- endurreisn spilltrar náttúru, náttúrugæða og umhverfis með þeim hætti er hæfir sem best náttúrulegum aðstæðum og búsetu í landinu.
- sjálfbær umgengni þjóðarinnar heima við og á hnattræna vísu, sem byggir á öflugri umhverfisvitund, þekkingu og verndarvilja.
- virk þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi um umhverfismál, þar sem þekkingu og reynslu er miðlað og leitað leiða til úrbóta.

4.gr.

MARKMIÐUM SÍNUM VILL LANDVERND NÁ MEÐ:

- fræðslustarfi svo sem útgáfu á fræðsluefni, námskeiðum, fyrirlestrum, ráðstefnuhaldi og samvinnu við fjölmiðla.
- virkri þátttöku í umræðum um stefnumótun í umhverfismálum bæði hér á landi og með alþjóðlegum samskiptum og með samstarfi við stjórnvöld um þau mál.
- að virkja félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga til starfa og samstarfs um fræðslu og aðgerðir í umhverfismálum.
- umsögnum og aðgerðum er tengjast mati á umhverfisáhrifum og ákvörðunum um landnýtingu, og með umsögnum um þingmál.

II. AÐILD

5.gr.

Aðild að Landvernd geta átt:

- Einstaklingar.
 - Félög og samtök félaga.
 - Fyrirtæki í atvinnurekstri, stofnanir og sveitarfélög.
- Stjórn Landverndar tekur afstöðu til aðildarumsóknar.

6.gr.

Félagsgjöld.

- Almennir félagsmenn greiða félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Þeir geta einnig

verið styrktarfélagar.

b) Félög og samtök félaga sem eiga aðild að Landvernd greiða árgjald eftir nánara samkomulagi við stjórn Landverndar.

c) Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem eiga aðild að Landvernd greiða framlag til styrktar Landverndar eftir nánara samkomulagi við stjórn samtakanna.

Félagsgjöld og árgjöld samkvæmt lið a) og b) skulu greidd fyrir aðalfund.

7. gr.

Úrsögn úr Landvernd skal tilkynna skriflega. Skuldi almennur félagsmaður tvenn árgjöld er heimilt að strika hann af félagaskrá.

III. AÐALFUNDUR OG FÉLAGSFUNDUR

8. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Landverndar.

9. gr.

Rétt til setu á aðalfundi eiga:

a) Einstaklingar sem eru skráðir félagar í Landvernd.

b) Fulltrúar tilnefndir af félögum og samtökum félaga, einn fyrir hvert byrjað þúsund skráðra félagsmanna, þó ekki fleiri en þrjú frá hverjum aðila.

c) Fulltrúar fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga, einn frá hverju

10. gr.

Allir þátttakendur í aðalfundi hafa málfrelsi og tillögurétt.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

a) Einstaklingar sem greitt hafa félagsgjald undanfarins starfsárs, þ.e. milli aðalfunda.

b) Fulltrúar samkvæmt lið b) 9. gr.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi nema að lög þessi kveði á um annað. Ef atkvæði falla jöfn skal hlutkesti ráða.

Heimilt er að veita öðrum félagsmanni umboð sitt á aðalfundi. Hver einstaklingur getur þó aldrei farið með fleiri en tvö atkvæði.

Fulltrúar samkvæmt lið b) 9. gr. skulu leggja fram skriflegt umboð sinna samtaka og geta farið með öll atkvæði þeirra hafi þeir umboð til þess.

Fulltrúar samkvæmt lið c) 9. gr. hafa ekki atkvæðisrétt á fundinum.

Stjórnarmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn í apríl eða maí ár hvert. Stjórn skal boða til aðalfundar á heimasíðu og með tölvupósti til félagsmanna með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og með tillögum til lagabreytinga sem leggja á fyrir aðalfund skal senda félagsmönnum með tölvupósti eða öðrum hætti með eigi minna en einnar viku fyrirvara.

Verkefni aðalfundar skulu m.a. vera að:

- Kjósa fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefnd.
- Kynna skýrslu stjórnar og ársreikninga félags og sjóða.
- Afgreiða reikninga.
- Afgreiða lagabreytingar.
- Marka stefnu Landverndar.
- Kjósa stjórn og skoðunarmenn reikninga.

- Ákvarða félagsgjald.

12. gr.

Reikningsárið er frá 1. janúar til 31. desember.

13. gr.

Kjörgengir í stjórn eru almennir félagsmenn Landverndar sem eru skuldlausir við samtökin og fulltrúar félaga og félagasamtaka. Kosning til stjórnar fer fram með leynilegri atkvæðagreiðslu.

14. gr.

Aðalfundur getur kjörið heiðursfélaga samkvæmt tillögu frá stjórn Landverndar. Tillaga um slíkt kjör skal borin fram á aðalfundi og telst hún samþykkt ef 2/3 hlutar fundarmanna greiða henni atkvæði.

15. gr.

Almennan félagsfund skal halda samkvæmt ákvörðun stjórnar eða að ósk eins/tíunda hluta félagsmanna.

IV. STJÓRN OG RÁÐ

16.gr.

Stjórnin er skipuð 10 mönnum. Formaður er kosinn í sérstakri kosningu. Formaður og fjórir stjórnarmenn eru kosnir annað árið, en fimm stjórnarmenn hitt árið. Kosning skal vera skrifleg. Stjórnin skiptir með sér verkum.

17.gr.

Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum samtakanna á milli aðalfunda og sér um að framfylgja samþykktum aðalfundar og lögum samtakanna, auk þess að bera ábyrgð á fjárreiðum þeirra. Stjórn ræður framkvæmdastjóra og getur falið honum starfsmannahald. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundur er lögmætur ef 6 stjórnarmenn eru mættir.

18.gr.

Fagráð sem stjórnin skipar skal vera starfandi á vegum Landverndar. Fagráðið hefur það hlutverk að styrkja faglegan grundvöll starfs samtakanna.

V. LAGABREYTINGAR

19.gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi.

20.gr.

Tillögur til lagabreytinga skulu komnar í hendur stjórnar a.m.k. 3 vikum fyrir aðalfund. Til að lagabreytingar nái fram að ganga þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi.

21.gr.

Komi til slita á samtökunum þarf 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi. Eignir samtakanna renni til umhverfisverndar á Íslandi, enda sé þeim varið í anda 3. lagagreinar Landverndar. Ákvæðum 3. og 21.gr. þessara laga má ekki breyta nema að höfðu samráði við ríkisskattstjóra.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi Landverndar 30. október 1999. Lögunum var breytt á aðalfundi þann 29. apríl 2006 og þann 12. maí 2012.